

Sp.

256. Tillaga til þingsályktunar

[165. mál]

um vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Alexander Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson,
Olafur P. Þórðarson, Skúli Alexandersson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að Vegagerð ríkisins láti fara fram rannsókn á hagkvæmni vegar- og brúargerðar yfir Gilsfjörð. Gert verði ráð fyrir þessu verkefni við afgreiðslu vegáætlunar í ár.

Greinargerð.

Brú yfir Gilsfjörð er gömul hugmynd sem íbúar aðliggjandi héraða á sunnanverðum Vestfjörðum og í Dalasýslu hafa haft mikinn áhuga á. Gilsfjörðurinn hefur löngum verið erfiður farartálmi, þar er snjópungt á vetrum og skriðuföll tíð. Umtalsverðar umbætur á vegi fyrir fjörðinn hafa ekki verið gerðar s. l. 15 ár utan lágmarksviðhalds. Vegurinn stenst því ekki þær kröfur sem gera verður til þjóðvega í dag. Á honum eru brýr sem orðnar eru lélegar og þarfnast endurnýjunar. Á fjörum fyrir botni fjarðarins að norðanverðu verða árlega skemmdir á veginum vegna sjávangangs. Þar þarf að byggja upp langa vegarkafla. Það er ljóst að þær umbætur, sem gera verður á vegi fyrir Gilsfjörð, verða mjög kostnaðarsamar.

Á s. l. ári fór fram undirskriftasöfnun meðal íbúa Dalasýslu og suðurhluta Vestfjarða, þar sem skorað er á stjórnvöld að þegar verði hafist handa við lagningu vegar og brúar milli Króksfjarðarness í Austur-Barðastrandarsýslu og Stórholtlands í Dalasýslu. Rúmlega fimm hundruð íbúar viðkomandi byggðarlaga skrifuðu nöfn sín undir þessa áskorun.

Í greinargerð heimamanna varðandi málið koma fram ýmis veigamikil rök. Þar er m. a. bent á að Austur-Barðstrendingar fá sína lækniþjónustu frá heilsugæslustöðinni í Búðardal eftir að embætti héraðslæknis á Reykhólum var flutt þangað. Á meðan samgöngum milli þessara tveggja héraða, Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu er svo háttað sem raun ber vitni getur neyðarástand skapast án fyrirvara, og hefur raunar oft legið nærri. Á Reykhólum er fjölmennur vinnustaður, Þörungavinnslan h/f. Þar er unnið með stórvirk tæki og vélar. Slíku fylgir að sjálfsgöðu slysaætla. Auk heilbrigðisþjónustunnar má benda á fleiri samskipti Austur-Barðstrendinga og Dalamanna, svo sem mjólkurflutninga, verslun og margvísleg félagsleg samskipti. Þessi brúargerð mundi stytta leið vegfarenda verulega, um 20 km. Hún tekur af alla erfiða staði í Gilsfirðinum og fjarlægðin milli landa er rúmir tveir km — milli Króksfjarðarness og Stórholtlands á norðurströnd Saurbæjarins.

Frá sjónarmiði náttúruverndar virðist Gilsfjörðurinn vel fallinn til brúargerðar. Vegagerð ríkisins lét á síðasta áratug gera forkönnun á lífríki fjarðanna sunnanvert á Vestfjörðum, frá Gilsfirði að botni Vattarfjarðar. Könnun þessi var gerð af Líffræðistofnun Háskólans, og árið 1976 voru birtar niðurstöður í skýrsluformi eftir Agnar Ingólfsson líffræðing. Þær niðurstöður benda ótvírætt til að lífríki Gilsfjarðar sé mun einhæfara en annarra fjarða er könnunin náði til og því líkur til að umrædd brúargerð mundi leiða til minni skaða eða röskunar á lífríki heldur en í hinum fjörðunum. Gerð mannvirkisins skiptir þó miklu máli í þessu tilliti.

Það fer ekki á milli mála að framkvæmd sú, er tillaga þessi fjallar um, felur í sér stórkostlega samgöngubót fyrir alla landsmenn. Hún hlýtur að skoðast sem hluti „hringvegarins“ svokallaða sem áhersla er lögð á að koma í viðunandi horf sem fyrst. Auk þess er hér annars vegar brýnt hagsmunamál viðkomandi byggðarlaga sem búa á margan hátt við erfiðar aðstæður í atvinnulegu og félagslegu tilliti.

Vafalaust yrði þetta dýr framkvæmd sem hlýtur að eiga sér nokkuð langan aðdraganda og undirbúning. Tillaga þessi beinist fyrst og fremst að því, að hafist verði handa við nauðsynlegar rannsóknir er fé verði veitt til við afgreiðslu vegáætlunar í ár. — Hálfnað er verk þá hafið er.